



# Sýn barna á kórónuveiruna og áhrif hennar á þátttöku þeirra í daglegu starfi í leikskóla

Sara M. Ólafsdóttir, Kristín Karlsdóttir og Díaná L. Sigurjónsdóttir

► Abstract    ► Um höfunda    ► About the authors    ► Heimildir

Markmið þessarar rannsóknar var að komast að hvernig börn upplifðu leikskólastarf á tímum COVID-19 þegar fyrsta bylgja faraldursins gekk yfir. Tilgangur rannsóknarinnar var að læra af börnunum og nýta þá þekkingu sem skapaðist til þess að styðja betur við börn á fordæmalausum tímum. Rannsóknin byggir á þeim hugmyndum að börn á leikskólaaldri séu getumiklir einstaklingar sem byggja upp þekkingu í samvinnu við önnur börn og fullorðna, þau hafi rétt til þess að hafa áhrif og vera gerendur í eigin lífi. Þátttakendur í rannsókninni voru 23 börn, 3–6 ára, á þremur deildum í einum leikskóla á landsbyggðinni. Tekin voru hópviðtöl við börnin og þeim boðið að teikna á meðan þau ræddu við rannsakanda. Helstu niðurstöður eru að börnin sýndu töluverða þekkingu á kórónuveirunni og þeim áhrifum sem hún hafði á daglegt starf í leikskólanum. Börnin höfðu mismunandi sýn á þær takmarkanir sem settar voru vegna sóttvarna, sumum fannst gott að hafa fá börn í leikskólanum en önnur upplifðu sig ein í barnahópnum vegna fjarveru vana og vildu ekki leika sér. Börnin töluðu um efnivið og svæði í leikskólanum sem þeim þótti skemmtilegast að leika sér á en þau höfðu ekki aðgang að vegna takmarkana og það þótti þeim leiðinlegt. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að taka þarf mið af sjónarmiðum barna og hlusta á fjölbreytta tjáningu þeirra svo að styðja megi betur við þarfir þeirra og vellíðan í daglegu starfi leikskólans á tímum takmarkana sem og aðra daga.

**Efnisorð:** Sjónarmið barna, áhrifamáttur barna, leikskóli, daglegt starf, kórónuveiran

## Inngangur

Nú eru fordæmalausir tímar þar sem heimsfaraldur geisar og hefur áhrif á samfélagið í heild sinni – þar á meðal skólakerfið. Hann stafar af COVID-19 sem er afbrigði af kórónuveiru en bæði þessi heiti verða notuð í umfjölluninni um faraldurinn í þessari rannsókn. Gripið hefur verið til mismunandi aðgerða víða um heim en í mörgum löndum var leik- og grunnskólum lokað til þess að hægja á smiti og hlífa heilbrigðiskerfinu. Þessar lokanir höfðu áhrif á menntun 80% barna í heiminum (Lancker og Parolin, 2020). Lancker og Parolin (2020) rannsökuðu hvaða áhrif lokanir skóla höfðu á félagsstöðu og heilsufar barna sem lifa í fátækt. Niðurstöður sýndu að fæðuöryggi þessara barna minnkaði auk þess sem þeim fór meira aftur í námi en börnum sem áttu efnada foreldra. Niðurstöðurnar gefa til kynna að lokanirnar geti haft langvarandi áhrif á heilsu, vellíðan og námsárangur þessara barna (Lancker og Parolin, 2020; Lee og Raszka, 2020). Í ljósi þessa má gera því skóna að ábyrgð leikskólakennara og annars starfsfólks sé mikil hvað varðar að styðja við og styrkja börn, ekki síður þau sem koma frá fjölskyldum sem eru í félagslega erfiðri stöðu, hvort heldur sem er vegna fátæktar eða annarra félagslega erfiðra aðstæðna. Niðurstöður nýlegrar rannsóknar (Pascal, Bertram, Cullinane og Holt-White, 2020), styðja þetta en ítreka mikilvægi þess að börn geti átt í samskiptum við jafnaldra sína, ekki síst þau sem eru í viðkvæmri stöðu. Rannsakendurnir telja að í

leikskólum geti börn jafnframt þurft að upplifa minni aðgang að áhugaverðum leik og verkefnum eða jafnvel orðið af útvist og hreyfingu vegna breytinga á skipulagi og framkvæmd sóttvarna. Í rannsókn Lees og Raszkas (2020) kemur fram að börn smitist síður en fullorðnir af kórónuveirunni sem veldur COVID-19-sjúkdómnum, veikist minna og þar af leiðandi smiti þau síður aðra. Þeir töldu þessa vitneskju vera mikilvæga þegar teknar væru ákvarðanir um fyrirkomulag skólalahalds.

Hér á landi var tekin sú ákvörðun að loka ekki leik- og grunnskólum en í stað þess voru settar ákveðnar takmarkanir á skólalahald. Það var gert svo hægt væri að halda leikskólastarfinu gangandi en á sama tíma að fækka smitleiðum. Þann 13. mars 2020 sendi heilbrigðisráðuneytið út auglýsingu um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar (nr. 216/2020). Í 3. grein kom fram að leikskólum væri heimilt að starfa áfram gegn þeim skilyrðum að barnahóparnir væru eins fámennir og mögulegt væri og einnig þyrftu þeir að vera aðskildir. Hvert sveitarfélag gat útfært þessar breytingar eftir aðstæðum hverju sinni, svo sem stærð leikskóla, rými, staðsetningu, fjölda barna og starfsfólks. Því var misjafnt eftir sveitarfélögum hvernig útfærslunni á þessum takmörkunum var háttað en þær stóðu yfir í sjö vikur, eða til 4. maí. Algengt var að barnahópnum væri skipt í tvennt þannig að helmingur barnanna mátti mæta í einu en auk þess voru foreldrar hvattir til þess að hafa börnin heima ef þeir hefðu tök á því. Því má reikna með að þessar takmarkanir hafi haft töluverð áhrif á leikskólastarfið, starfsfólkið, börnin og fjölskyldur þeirra.

Markmið rannsóknarinnar, sem fjallað er um í þessari grein, var að komast að því hvernig börnin sjálf upplifðu þetta breytta leikskólastarfi á tímum COVID-19. Tilgangur rannsóknarinnar var að læra af börnunum og nýta þá þekkingu sem skapaðist til þess að styðja betur við börn á fordæmalausum tímum. Mikilvægt er að hafa í huga að börn hafa oft aðra sýn, reynslu og upplifun af aðstæðum sínum en fullorðnir og því er mikilvægt að raddir þeirra komi einnig fram (Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Börn hafa rétt til þess að tjá sig og hafa áhrif á eigið líf (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013) og því ber fullorðnum skylda til þess að bjóða börnum til þátttöku í umræðu um mikilvæg málefni sem snerta þau og þeirra líf. Rannsóknin er styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna, styrknúmer 207378-0091.

## Áhrifamáttur barna<sup>1</sup>

Í þessari rannsókn er litið svo á að nám barna fari fram í gagnvirkum samskiptum barna og félagslegs umhverfis þeirra. Auk þess er samkvæmt þessum hugmyndum litið á börn á leikskólaaldri sem getumikla einstaklinga sem byggja upp þekkingu í samvinnu við önnur börn og fullorðna. Jafnframt er lögð áhersla á rétt barna til að hafa áhrif og að vera gerendur í eigin lífi; nota áhrifamátt (e. agency) sinn (Mayall, 2003; Prout og James, 2015). Í ljósi þessa er réttur barna til að stunda nám og fá þá umönnun sem þau þarfnast virtur en einnig réttur þeirra til að á þau sé hlustað og þau studd til að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi, sem fullgildir þegar samfélagsins. Á sama tíma er litið á börn sem valdalítinn hóp, sem er háður fullorðnum og jafnvel sé hætt við að fullorðnir, sem hafa meira vald en þau, beiti þau kúgun eða þvingunum (Mayall, 2003; Prout og James, 2015). Hlutverk fullorðinna í lífi barna er því að hluta til mótsagnakennt þar sem það felst annars vegar í að vernda þau og hins vegar að styðja þau til áhrifa í eigin lífi (Alderson, 2008; lög um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Samkvæmt ofangreindum hugmyndum um nám er því nauðsynlegt í leikskólastarfi að leikskólakennarar jafnt sem leiðbeinendur leiti valdajafnvægis milli fullorðinna og barna (Bae, 2009; Bernstein, 2000). Þetta getur átt við í námsaðstæðum þar sem leikur er virtur, viðfangsefni er á forsendum barna og frumkvæði þeirra fær notið sín.

Leikskólastarfi sem tekur mið af að stutt sé við áhrifamátt barna birtist m.a. í að börn séu viðurkennd og virt fyrir hver þau eru og metin af styrkleikum sínum. Hugtökin áhrifamáttur (e. agency), fullgildi (e. belonging) og vellíðan (e. well-being) barna tengjast og vísa til þess að barnið upplifi að það sé þátttakandi í hóp eða samfélagi. Þau fjalla um að hvaða marki barninu líður vel í eigin skinni og

<sup>1</sup> Á íslensku hafa verið notaðar tvær aðrar þýðingar á „agency“; atbeini og gerendahæfni. Hugtakið hefur mismunandi merkingu eftir því félagslega samhengi og þeirri sýn sem byggt er á hverju sinni. Þessi rannsókn leggur til grundvallar hugmyndir um að börn séu í senn getumikil (Prout og James, 2015) og hafi rétt til að hafa áhrif í eigin lífi (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 19/2013). Því er hér stuðst við þýðingu á orðinu „agency“ sem leggur sérstaka áherslu á áhrif barna.

upplifir andrúmsloft þar sem það getur notið þess að fylgja hugdettum sínum og tilgátum. Þannig er gert ráð fyrir að grunnþörfum barna geti verið fullnægt, auk þarfarinnar fyrir athygli, ástúð og viðurkenningu sem getur leitt til þess að þeim finnist þau vera hæfir einstaklingar (Carr og Lee, 2019; Laevers, 1994). Með því móti má segja að í leikskólum finni börn fyrir öryggi ef þau geti treyst leikskólakennurum og öðru starfsfólki, sem m.a. birtist í hvort börnin upplifi að á þau sé hlustað, óskað sé eftir þeirra viðhorfum og tekið sé mið af sjónarmiðum þeirra við ákvarðanatöku (Byrne og Lundy, 2019; Lansdown, 2005). Jafnframt hafa rannsóknir sýnt fram á að tengsl eru milli vellíðanar ungra barna og þess að þau hafi áhrif í sínu nánasta umhverfi. Fram hefur komið að þegar börn finna fyrir áhrifamætti sínum finni þau sig jafnframt örugg í skólasamfélaginu (Moore og McArthur, 2017; Steckermeier, 2019). Því má undirstrika mikilvægi þess að börn séu upplýst um aðstæður og þegar þarf að endurskipuleggja og finna aðrar leiðir í leikskólastarfinu sé þeim gert kleift að tjá skoðanir sínar og taka þátt í að finna lausnir.

Á undanförunum áratugum hefur aukin áhersla verið á að fá fram sjónarmið barna, bæði í rannsóknum og í leikskólastarfi (Dockett, Einarsdóttir og Perry, 2012; Groundwater-Smith, Dockett og Bottrell, 2015). Þetta er í samræmi við markmið rannsóknarinnar sem hér er kynnt en þar er sjónum beint að sjónarmiðum barna gagnvart daglegu starfi í leikskóla þar sem þau eru þátttakendur í samfélagi þar sem kórónuveiran hefur geislað.

## Daglegt starf og þátttaka barna í leikskóla

Í þessari rannsókn er fjallað um viðfangsefni sem er nýtt af nálinni og því ekki auðvelt að finna fyrri rannsóknir til þess að byggja á. Því var valið að fjalla um þá þætti sem teljast mikilvægir fyrir gæðastarf í leikskólum. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla 2011 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) er gert ráð fyrir að nám barna fari fram með þátttöku þeirra í daglegum athöfnum í leikskólanum í gegnum leik og önnur skapandi viðfangsefni. Áhersla er lögð á að menntun barna felist í að styðja við styrkleika og hæfni þeirra en jafnframt eigi að efla skilning þeirra á eigin styrkleikum og hæfni, m.a. með að hvetja börn til þess að finna lausnir á margvíslegum málum í margræðu og flóknu samfélagi. Sömu leiðis er lagt til að í skólasamfélagi sé börnum gert kleift að tjá þarfir sínar og áhuga, að á þau sé hlustað og þannig séu þau studd til áhrifa í samfélaginu. Þjóða á börnum upp á fjölbreytt námsumhverfi þar sem þau fá tækifæri til að taka eigin ákvarðanir og njóta styrkleika sinna, sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd barna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Leikskólastarf er um margt fjölbreytt og jafnframt flókið og það má einnig segja um þátttöku barna í leikskólastarfi. Litið er svo á að með þátttöku (e. participation) í leikskólasamfélagi (Rogoff, 2003) kynnist börn venjum og hefðum með því að fylgjast með og taka þátt í því sem fram fer í samfélaginu. Rogoff lýsir þessari þátttöku nánar með hugtakinu þátttökuleiðsögn (e. guided participation) sem vísar til leitar barna og fullorðinna að skilningi á sjónarmiðum hvers annars, þar sem þau í samvinnu styðja við þátttöku hvers annars og deila með sér reynslu og upplifun. Því má líta svo á að þátttökuleiðsögn feli ekki eingöngu í sér samskipti sem ætlað er að kenna barni/börnum tiltekna þekkingu heldur einnig að barnið/börnin verði smám saman hluti af samfélaginu og taki þátt í að móta menningu leikskólans (Rogoff, 2003; Rogoff, Moore, Correa-Chávez og Dexter, 2014). Í gagnvirkum samskiptum barna í sínu nánasta umhverfi móta þau hugmyndir sínar og tilgátur og um leið skilning sinn á umheiminum. Í þessum skilningi er því ekki litið eingöngu á nám barna sem ferli heldur er einnig litið svo á að nánasta umhverfi barnanna, leikskólakennarar og foreldrar hafi áhrif á nám þeirra.

Leikskólakennarar og leiðbeinendur eru lykilpersónur í að skapa aðstæður í leikskólum þar sem börnum er boðið upp á námstækifæri sem byggja á áhuga þeirra og virkni (Carr og Lee, 2019). Hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks er því að eiga í samskiptum við börn, örva þau og styðja við samskipti þeirra í leik og þátttöku í öðrum viðfangsefnum (Karlsson Lohmander og Pramling Samuelsson, 2015; Wood, 2014). Í leikskólastarfi er því mikilvægt að tekið sé mið af sjónarmiðum barna. Rannsóknir sem gerðar hafa verið út frá sjónarmiðum barna hafa sýnt að vinátta og leikur séu þættir sem börnum þykir einna mikilvægastir í daglegu starfi leikskólans. Þeim líði vel

í leikskólanum þegar þau geti leikið við vini sína og finnist þau tilheyra barnahópnum (Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020). Auk þess sé virk þátttaka þeirra í daglegu starfi mikilvæg þar sem þau hafi val um leikfélaga, fjölbreyttan efnivið og leiksvæði (Sara M. Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016).

Fyrstu niðurstöður úr rannsóknum á tímum COVID-19 hafa verið að birtast en þær Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Svava Björg Mörk (2020) kynntu, á málþingi mennta- og menningarmálaráðuneytisins þann 10. september 2020, fyrstu niðurstöður um áhrif fækkunar í barnahópi á leik barna á tímum COVID-19 út frá sjónarmiði leikskólastjórnenda og leikskólakennara. Niðurstöðurnar sýndu að í flestum leikskólum voru barnahóparnir fámennari en venjulega og hafði það jákvæð áhrif á leik barna. Leikskólakennararnir sem rætt var við töldu að leikur barnanna hefði verið dýpri og börnin fengið meiri tíma til þess að þróa hann. Andrúmsloftið hefði verið rólegra í leikskólanum, árekstrum milli barna hefði fækkað og mörg barnanna blómstrað í leik og starfi. Færri börn í hóp hefði leitt til aukinnar vellíðanar barnanna í leikskólanum. Þó komu einnig fram neikvæð áhrif en algengt var að barnahópnum var skipt í tvennt sem leiddi til þess börn gátu stundum ekki verið með vinum sínum og söknuðu þeirra.

Hér verður fjallað um sjónarmið barna gagnvart daglegu starfi í leikskóla þar sem breyttar áherslur voru vegna takmarkana á skólalaldi. Rannsóknarspurningin var:

*Hvernig upplifa leikskólabörn kórónuveiruna og áhrif hennar á þátttöku þeirra í daglegu starfi leikskólans?*

## **Þátttakendur og vettvangur**

Rannsóknin var framkvæmd í einum leikskóla á landsbyggðinni. Leikskólinn er sex deilda og þar dvelja að jafnaði um 120 börn samtímis. Þátttakendur voru 23 börn á aldrinum 3–6 ára en þau voru á þremur eldri deildum leikskólans. Alls 11 börn voru fædd árið 2014, 9 börn fædd 2015 og 3 börn fædd 2016. Þátttaka barnanna var breytileg vegna þess að börnunum var skipt í hópa og mættu ekki alla daga í leikskólann. Deildarstjórar deildanna buðu þeim börnum sem mætt voru þá daga sem rannsóknin fór fram að taka þátt. Rannsakandinn sem fór á vettvang og sá um leyfisvinnunna og gagnaöflunina er þriðji höfundur þessarar greinar. Hann þekkti vel til leikskólans, umhverfisins, þátttakendanna og starfsfólksins.

Venjulega var skipulag leikskólans nokkuð sveigjanlegt þar sem börnin gátu oft valið sér leikfélaga, viðfangsefni og leiksvæði. Lögð var áhersla á leik barna og fjölbreytt viðfangsefni. Hver deild var með ákveðinn efnivið til leiks en börnin máttu fara á milli deilda og fá lánað ef þau vantaði efnivið í leik sinn. Börnunum var einnig skipt í minni hópa þegar farið var í hópastarf, sal eða listasmíðju. Foreldrar og aðrir ættingjar voru velkomnir inn á deildir þegar þeir komu með börnin í leikskólann á morgnana eða sóttu þau í lok dags. Börnin höfðu aðgang að bókasafni og spilasafni sem staðsett var í sameiginlegu rými leikskólans. Börnin fóru í útveru einu sinni til tvisvar á dag, í eina til eina og hálf klukkustund í senn. Heildarfjöldi barna og starfsmanna var mismunandi á milli deilda en var að meðaltali um 19–20 börn og 5–6 starfsmenn á deild, þar sem vinnutími þeirra var breytilegur.

Þegar takmarkanir vegna sóttvarna voru settar á var leikskólanum skipt niður í fjögur sóttvarnahólf og enginn mátti fara á milli hólfanna nema leikskólastjórinn. Hámarksfjöldi barna á deildum var 12 en með þeim voru 3–4 starfsmenn. Lögð var áhersla á að börn sem áttu forgang eða voru í viðkvæmri stöðu fengju að mæta í leikskólann, einnig börn sem áttu foreldra í framlínustörfum. Afleiðing þessa var sú að sum barnanna gátu einungis mætt einu sinni til tvisvar í viku. Börnin máttu aðeins vera inni á sinni deild og öll sameiginleg rými voru lokað, svo sem salur og listasmíðja. Þau máttu ekki fara um skólann eins og áður hafði verið. Leikefni var takmarkað, ekki var unnt að bjóða upp á leikefni sem erfitt var að sóthreinsa, svo sem perlur, leir, einingakubba, bækur og púsl. Þó voru í boði harðspjaldabækur og trépúsl. Börnin í hverju sóttvarnahólfi fóru í útveru einu sinni á dag, klukkutíma í senn. Foreldrar barnanna máttu hvorki koma inn á deildir né ganga í gegnum leikskólabygginguna. Samskipti við foreldra urðu oftar á rafrænu formi; til dæmis var tölvupósturinn meira notaður en áður.

## Aðferðafræði og aðferð

Í þessari rannsókn var stuðst við eigindlega aðferðafræði þar sem leitað var eftir að fá fram upplifanir barnanna, reynslu þeirra, skoðanir, hugmyndir og viðhorf gagnvart daglegu starfi í leikskólanum þegar takmarkanir voru vegna kórónuveirunnar. Ákveðið var að taka rýnihópaviðtöl við börnin og bjóða þeim að teikna á meðan þau töluðu við rannsakanda. Tilgangur þess var að nýta mismunandi rannsóknaraðferðir með börnunum þannig að þau gætu tjáð sig með mismunandi hætti og með því móti myndu gögnin varpa betra ljósi á heildarmyndina (Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Rannsakandanum þótti einnig mikilvægt að halda rannsóknardagbók í gegnum allt ferlið þar sem hann hélt utan um hvað var að gerast hverju sinni og hvernig það gekk – auk þess að skrá ýmis huglæg atriði og ígrundun á því sem átti sér stað í rannsóknarferlinu.

Ástæðan fyrir að viðtölin voru tekin við börnin í hóp en ekki sem einstaklingsviðtöl var sú að börnin fengu stuðning hvert frá öðru, hjálpuðu hvert öðru og urðu öruggari með því að vera nokkur saman (MacNaughton, Rolfe og Siraj-Blatchford, 2010). Umræðurnar urðu líflegar því að þau töluðu saman sín á milli og hjálpuðust að við að svara spurningum. Hópaviðtöl henta einnig vel til þess að koma í veg fyrir valdaójafnvægi á milli rannsakandans og barnanna því þá eru þau í meirihluta með einum rannsakanda (Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Stuðst var við viðtalsramma og þess gætt að hafa flæði í viðtalinu. Meðan á viðtalinu stóð fengu börnin að teikna frjálst og ræddu svo við rannsakanda um teikningar sínar. Teikningar eru góð aðferð til þess að fá fram upplifun og sjónarhorn barnanna. Þær eru sérstaklega hentugar með börnum sem eiga erfitt með að tjá sig með orðum (MacNaughton o.fl., 2010). Þar fá börnin líka tækifæri til þess að skapa, nota hugmyndaflugnið og tjá sig á sinn hátt, en þó með öðrum hætti en í viðtalinu sjálfu (Jóhanna Einarsdóttir, Dockett og Perry, 2009). Teikningar barnanna gáfu enn frekari innsýn í upplifun þeirra til viðbótar þeim upplýsingum sem fengust í viðtölunum. Því má segja að þessar tvær leiðir í gagnaöflun hafi unnið vel saman.

## Framkvæmd og gagnaöflun

Gagnaöflunin fór fram í tveimur hlutum. Fyrri rýnihópaviðtölin voru tekin við börnin í lok apríl á meðan samkomubann og takmarkanir á skólastarfi voru í gildi. Tveimur mánuðum síðar, í lok júní, voru aftur tekin viðtöl við sömu börnin. Í bæði skiptin voru börnin beðin um að teikna mynd út frá umræðunum. Tilgangur þess að taka tvö rýnihópaviðtöl við börnin var að fá fram upplifun þeirra bæði meðan á takmörkunum stóð og einnig þegar búið var að létta á þeim. Rannsakandi taldi mikilvægt að fá fram sjónarhorn barnanna meðan á takmörkunum stóð vegna þess að börn eiga oft auðveldara með að segja frá því sem gerist hér og nú í stað þess að muna það sem áður hafði verið gert.

Vegna aðstæðna var tíminn fyrir gagnaöflun takmarkaður en þrátt fyrir það reyndi rannsakandi eftir bestu getu að hafa í huga hvaða tími hentaði best fyrir hvert og eitt viðtal, bæði þannig að það truflaði börnin sem minnst sem og leikskólastarfið, en tímasetningin var einnig ákveðin í samráði við deildarstjórana. Viðtölin voru tekin í herbergjum sem voru nálægt deildum barnanna, á svæði sem þau þekktu vel. Það var gert bæði til þess að samtölin við börnin yrðu hversdagslegri fyrir þau en einnig vegna þess að ekki var heimilt að fara á milli svæða í leikskólanum þar sem sett höfðu verið upp sóttvarnahólf til þess að draga úr smithættu vegna COVID-19. Börnin voru ýmist 3 eða 4 í hóp og reynt var að hafa sömu börn í sömu hópum í seinni hluta gagnaöflunarinnar. Tekin voru 7 viðtöl í fyrri hlutanum og 7 í seinni, þau voru því 14 talsins. Viðtölin tóku allt frá 12 mínútum upp í eina klukkustund en algengasti tímalengdin var í kringum 30 mínútur.

## Siðferðileg álitamál

Áður en gagnaöflun fór fram fékk rannsakandinn öll tilskilin leyfi og samþykki frá hliðvörðum barnanna, þar á meðal skólustjóra, deildarstjórum og foreldrum barnanna (Guðrún Kristinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir, 2015). Eftir það fékk hann upplýst samþykki frá börnunum sjálfum. Rannsakandinn veitti börnunum upplýsingar á einföldu máli og á þann hátt sem þau skildu svo þau gætu tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku sína. Þau fengu vitneskju um markmið rannsóknarinnar,

hvað rannsóknin fæli í sér, hvað mundi gerast og hve lengi. Þau fengu að vita til hvers var ætlast af þeim, hvað yrði gert við gögnin og hvernig niðurstöðurnar yrðu notaðar. Þau fengu einnig að vita að þau réðu því sjálf hvort þau vildu taka þátt eða ekki og að þau hefðu leyfi og vald til þess að draga sig út úr rannsókninni þegar þau vildu. Leitað var eftir samþykki barna í hvert skipti sem viðfangsefni sem tengdust rannsókninni voru lögð fyrir en ekki einungis í upphafi rannsóknarinnar (Dockett o.fl., 2012). Útskýrð voru fyrir þeim atriði er varða nafnleynd og í kjölfarið fengu þau að velja sín eigin dulnefni sem notuð voru í úrvinnslu gagnanna. Börnin völdu sér fjölbreytt og frumleg dulnefni eins og sjá má í niðurstöðukafla. Rannsakandinn sagði þeim einnig frá því að ef þau vildu ekki svara einhverjum spurningum, þeim fyndust þær ef til vill óþægilegar, þá þyrftu þau ekki að svara; einnig að þau mættu hætta í viðtalinu eða rannsókninni hvenær sem væri án afleiðinga. Rannsakandinn sagði börnunum frá að hann ætlaði að taka viðtalið upp og útskýrði hvers vegna, meðal annars svo að hann gæti hlustað á það aftur seinna og gleymdi ekki neinu. Þegar búið var að fara yfir öll þessi mikilvægu atriði voru börnin beðin um munnlegt samþykki sitt fyrir þátttöku í rannsókninni og samþykktu þau öll. Taka skal fram að einungis voru 19 þátttakendur af 23 í seinni viðtölunum, tvö börn voru komin í sumarfrí og tvö börn í einum hópnum voru í miðjum leik, þegar rannsakandi bauð þeim í seinna viðtalið, og völdu þau að taka ekki þátt.

## Gagnagreining

Viðtölin voru tekin upp sem hljóðskrá og afrituð frá orði til orðs. Teknar voru myndir af teikningunum og þess gætt að þær fylgdu með viðtali við eiganda. Allir þrír rannsakendur greindu gögnin fyrst hver í sínu lagi til að fá fram mismunandi sjónarhorn á gögnin og til að auka trúverðugleika rannsóknarinnar (Braun og Clarke, 2013). Rannsakendur vildu láta gögnin tala til sín og voru ekki með nein fyrir fram ákveðin þemu. Þeir héldu fundi reglulega til þess að skiptast á skoðunum og hugmyndum og tóku ákvarðanir um framhaldið hverju sinni. Síðan var notuð þemagreining til þess að greina gögnin (Braun og Clarke, 2006, 2013). Þau voru kóðuð en kóðarnir sem fram komu voru meðal annars hugmyndir barnanna, vitneskja þeirra, þátttaka og vellíðan. Þessir kóðar voru síðan settir saman í þemu sem greint verður frá í niðurstöðum rannsóknarinnar.

## Niðurstöður

Börnin sem tóku þátt í rannsókninni ræddu um daglegt líf sitt í leikskólanum, bæði meðan á takmörkunum stóð og eftir að þeim var aflétt. Hér verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar út frá samtölunum við börnin og túlkun á teikningum þeirra. Dulnefnin sem þau völdu sér eru notuð og rannsakandi er tilgreindur sem R í samtölunum. Í gögnunum komu fram hugmyndir og þekking barnanna á kórónuveirunni, þátttaka barnanna í daglegu starfi og líðan þeirra á tímum takmarkana.

## Hugmyndir og þekking barnanna á kórónuveirunni

Börnin höfðu ýmsar hugmyndir um kórónuveiruna og flest töluðu um að þeim fyndist hún leiðinleg eins og Elsa sagði: „Kórónuveiran! Hún er ógeðslega leiðinleg.“ Rósu fannst kórónuveiran líka leiðinleg og tengdi það við umræðu um af hverju færri kennarar voru í leikskólanum en venjulega. Þegar rannsakandi ræddi við Snæ talaði hann um hvernig kórónuveiran hefði borist til landsins og hvernig hún færi á milli staða. Hann sagði: „Af því þá myndi hún bara [...] fara í kringum Ísland [...] alltaf þegar einhver maður er úti og er lasinn [...] þá myndi hann fara í flugvél ... þá myndi ... þá verður þessi kórónuveira á næsta landi ... þá fer þessi maður aftur á Ísland.“ Hann útskýrði þetta svo nánar fyrir rannsakanda:

Það kom ein padda í leðurblöku ... en ... mannfólkið átti að, sko, borða ..., sko, leðurblökurnar af því það er, sko, maturinn stundum þeirra ... af því þá tóku þau eina leðurblöku með pöddunni í ... þá voru þau að borða leðurblökuna og einn maðurinn fékk hana í magann og síðan bara kom hún út ... og þá máttu allir á fyrsta landinu ekkert að hittast ... og síðan bara kom hún eitthvað hingað.

Þegar rannsakandi hitti börnin í seinna skiptið teiknaði Emma Dís tvær myndir um kórónuveiruna, á meðan hún ræddi við rannsakanda, og tvær aðrar stúlkur teiknuðu myndir um daglegt starf í leikskólanum. Emma Dís útskýrði myndirnar sínar á meðan hún teiknaði og um fyrri myndina sagði hún: „Ég ætla að gera kórónuveiruna stóra ... því hún er svo stór. Þetta er kórónuveirukall og kórónuveirukona. Þau eru glöð því þau eru að setja kórónuveiruna á alla.“



**Mynd 1.** Kórónuveirukarl og kórónuveirukona (Emma Dís, 26. júní 2020).

Emma Dís fékk svo nýtt blað og hélt áfram að teikna. Eins og hún sagði sjálf frá teiknaði hún græna kórónuveiru og einhyrning með sóttvarnagrímu. Hún sagði svo: „Þetta er einhyrningur, bara með grímu fyrir kórónuveirunni. [...] Svo hann fái ekki kórónuveiru í munninn.“



**Mynd 2.** Græn kórónuveira og einhyrningur með sóttvarnagrímu (Emma Dís, 26. júní 2020).

Regnboga-Birta teiknaði líka mynd á meðan stelpurnar þrjár ræddu við rannsakanda. Hér má sjá samtalið sem átti sér stað um myndina sem Regnboga-Birta teiknaði:

Regnboga-Birta: Ég ætla að gera dauðan hér.

Emma Dís: Dauðan einhyrning?

Regnboga-Birta: Já.

Rósalind: Sumir deyja út af maður er veikur.

R: Já.

Emma Dís: Sumir fá krabbamein.

R: Uhum.

Emma Dís: Sumir deyja út af kórónuveirunni, sumir eru með ofnæmi fyrir henni.



**Mynd 3.** „Ég ætla að gera dauðan hér.“ (Regnboga-Birta, 26. júní 2020).

Börnin höfðu því ýmsar hugmyndir um kórónuveiruna og höfðu öðlast þekkingu á því hvernig og hvaða áhrif hún gæti haft á þau. Áhrifa þess gætti líka í samtali rannsakanda við börnin en í samtali við Rósu klæjaði hana í andlitið og bað um að fá að fara fram í hólfið sitt til þess að ná sér í hanska. Strákur, sem vildi láta kalla sig Blað, spurði þá hvort hann mætti líka fá hanska og þá svaraði Rósa: „Nei, ég er bara með þetta til þess að klóra mér.“

### **Daglegt starf leikskólans á tímum takmarkana**

Þegar börnin ræddu um hvað þeim þætti skemmtilegast að gera í leikskólanum töluðu þau oft um að leika við vini sína, leika úti, teikna, mála og fara í heimsókn á aðrar deildir. Mörg barnanna töluðu einnig um að það væri gaman að vera í salnum. Emma Dís sagði að sér þætti skemmtilegast þegar öll börnin væru saman og Regnboga-Birta tók undir og sagði: „Það er eiginlega best.“ Rannsakandi spurði stelpurnar hvort það væri eitthvað öðruvísi í leikskólanum og svöruðu þær játandi. Rannsakandi spurði þá: „Hvað er öðruvísi?“ og þær svöruðu:

Emma Dís: Umm ... erum ekki öll saman og ...

Regnboga-Birta: Við erum ekki öll með sama fingrafar.

R: Já.

Rósalind: Þú ert að grípa fram í henni Emmu, ... Regnboga-Birta.

R: Mhm..

Emma Dís: Hérna, ... við erum ekki öll saman og við megum ekki fara í salinn ... og vera hérna að mála ...

R: Okei, ... hvernig finnst ykkur það?



Emma Dís: Ekki skemmtilegt.

Rósalind: Ekki skemmtilegt.

Regnboga-Birta: Bara, erum inn á deild að gera ... að reyna að gera eitthvað skemmtilegt ... vera ... stundum erum við að gera það.

Rósalind, Regnboga-Birta og Emma Dís töluðu auk þess um fjölda barna í leikskólanum. Þær sögðu að krakkarnir væru ekki allir í leikskólanum, t.d. væri Róbert ekki alla daga, bara suma. Regnboga-Birtu fannst leiðinlegt þegar krakkarnir voru ekki allir í einu og sagði:

Því mig langar alltaf að hitta krakkana á sama tíma. Mig langar eiginlega að kórónuveiran fari bara ... bara öll veikindin. Ef ég væri með fjögurra-laufa-blað þá myndi ég óska þess að öll veikindin myndu fara [...]. Út af það væri svo gott, þá væri enginn aftur lasinn.

Börnin gerðu sér flest grein fyrir því af hverju færri börn og kennarar væru í leikskólanum. Litli Nemó orðaði það þannig: „Út af þessari veikju ... fáránlegu veikju.“ Litli Nemó sagði að hann hataði þessa veikju og fyndist leiðinlegt að það vantaði börn í leikskólann. Snær, Hreindýr og Rósa ræddu sín á milli og við rannsakanda hvað þeim fyndist um að ekki væru allir í leikskólanum. Þau voru sammála um að það væri ekki skemmtilegt. Guðrún og Kisa ræddu líka ástæðu þess að fá væru börn í leikskólanum og voru sammála um að það væri vegna þess að fólk gæti smitast. Kisa sagði svo: „Þá getur einhver verið í kremju ef það eru svona margir.“ Lára fannst leiðinlegt að Hanna, besta vinkona hennar, væri aldrei í leikskólanum og þegar rannsakandi spurði hvar hún væri sagðist Lára ekki vita það.

R: En eru allir krakkarnir í leikskólanum?

Lára: Umm, nei.

Anna: Nei, ekki allir.

Sólveig: Það eru, sko, margir, margir, margir krakkar hjá okkur.

R: Já, en af hverju eru ekki allir í leikskólanum?

Anna: Út af því að ... kórónuveiran.

Sólveig: Margir geta smitast.

R: Já, hvað finnst ykkur um það?

Sólveig: Ekki vel. Ég vil bara vera heima alla daga ... og hanga þar ... til þess að bíða eftir að þessi kórónuveira hættir bara.

R: Já.

Sólveig: Hún gerir það ekkert ... hún er enn þá.

R: Er hún enn þá?

Sólveig: Já, það má ekki lengur vera hlið við hlið og eitthvað svona nálægt ... og leiðast í hendur.

Börnin töluðu einnig um að það væri ekkert hópastarf eins og þau Kisa, Guðrún og Fiskur bentu á. Það væru engir hópar af því að búið væri að breyta út af kórónuveirunni. Þau höfðu misjafnar skoðanir á hvað þeim fyndist um það. Kisa sagði að það væri skrytið, Guðrún sagði að sér fyndist það ekki gaman og Fiskur sagði að það væri gaman. Þegar rannsakandi spurði þau hvort eitthvað væri öðruvísi í leikskólanum svaraði Fiskur: „Maður má ekki hafa kórónu inni [...] afmælis kórónu.“ Sumir söknuðu þess að hafa hópana eins og þeir voru. Litli Nemó vildi hafa þá eins þeir voru venjulega. Lára sagði: „Að allir líða vel ... og allir mála ... líka Hanna.“ Guli Hulk sagði: „Ég myndi vilja hafa alla

saman.“ Rósa og Blað voru ósammála því og sögðust ekki vilja hafa alla saman af því að þá væru svo mikil öskur og læti.

Rannsakandi spurði Erik, Elísabetu og Jarðarber af hverju svona fáir krakkar væru í leikskólanum. Erik svaraði: „Út af veikinni“ og Elísabet bætti við: „... og það má ekki koma alltof margir inn“ og benti jafnframt á að systir hennar væri heima af því að það mættu ekki koma fleiri í leikskólann. Þegar rannsakandi ræddi við Rósu og Snæ þar sem þau sátu og teiknuðu kom fram að þeim þótti ástandið leiðinlegt. Rósa sagði að sér þætti leiðinlegt að veiran væri í gangi og Snær tók undir það með henni. Hann bætti við að hann gæti ekki hitt Ólaf, vin sinn, sem væri heima. Hann sagði: „En nú er Ólafur heima ... en ég er bara einn með hinum krökkunum, þá verð ég stundum leiður.“ Rannsakandi sagði þá: „Já, verðurðu leiður?“ og Snær svaraði: „Já, af því að ég get ekki leikið við vin minn.“ Snær teiknaði mynd og lýsti henni fyrir rannsakanda með þessum orðum: „Þetta er hann Ólafur glaður heima og þetta erum við sem erum að gera verkefnið og þá finnst mér ekkert gaman því Ólafur er ekki með.“



**Mynd 4.** Ólafur glaður heima og Snær leiður í leikskólanum (Snær, 29. apríl 2020).

Sum barnanna veltu fyrir sér hvar kennararnir sem ekki mættu í leikskólann væru. Sólveig, Lára og Anna nefndu tvo kennara sem ekki mættu í leikskólann og ræddu sín á milli og við rannsakanda hvar þeir gætu verið:

Sólveig: Kannski er hún bara búin að smitast.

Lára: Kannski er hún bara í fríi.

Anna: Kannski, ... kannski er einhver, ... kannski er einhver búinn að hnerra á hana.

Lára: Kannski er einhver búinn að stela henni.

R: Já.

Anna: Stundum ... stundum er búið ... stundum er búið að stela manni og stundum er búið að vera veikur ... stundum smitar maður ... stundum hnerrar maður á hvort annað ... ef maður gerir mynd ... og kannski, ef maður er að gera mynd, þá smitar einhver óvart myndina sína ... og einhver segir: Hey hver var að smita myndina mína?

R: Mmm ... já ...

Anna: Og stundum segir einhver „Ég var að smita myndina þína óvart, ég er með kvef.“

R: Og getur maður þá smitast?

Anna [talar rómri röddu]: Nee, jább ... þá smitar maður alla.

Börnin voru ekki upplýst um hvar kennararnir voru sem ekki gátu mætt til vinnu en notuðu hugmyndaflugid til þess að velta vöngum yfir því. Börnin voru sammála um að það væri skemmtilegast að leika við vini sína og taka þátt í fjölbreyttu starfi leikskólans. Þau fundu fyrir töluverðum áhrifum kórónuveirunnar á starf leikskólans og á tengsl sín við önnur börn og fullorðna.

## Upplifun barnanna eftir að takmörkunum var aflétt

Seinni viðtölin voru tekin þegar búið var að létt á takmörkunum. Rannsakandi rifjaði upp með börnunum hvernig hefði verið þegar takmarkanirnar voru vegna kórónuveirunnar og hvernig væri núna. Rannsakandi talaði við Guðrúnu, Fisk og Kisu á meðan þau teiknuðu. Þegar Fiskur var spurður hvernig hefði verið í leikskólanum þegar kórónuveiran var sagði hann að honum hefði þótt það leiðinlegt vegna þess að hann mátti hvorki leira né smíða. Mörg barnanna sögðu að þeim hefði ekki liðið vel á meðan kórónuveiran var. Kisa sagði: „Af því ég fékk ekki að leira og snerta andlitið.“ Fiskur tók undir með henni og sagði: „Ég fékk ekki heldur að gera það ... enginn fékk að gera það.“ Guðrún sagði að það væri breytt, í dag mætti snerta á sér andlitið og Kisa bætti við: „Af því að kórónuveiran er alveg að fara.“ Börnin voru þá spurð hvernig þeim liði með það og þau svöruðu öll að þau væru ánægð með það.

Rannsakandi rifjaði einnig upp með Emmu Dís, Rósalind og Regnboga-Birtu hvernig hefði verið meðan kórónuveiran var. Emma Dís sagðist bara hafa fengið að vera í leikskólanum svona einu sinni í viku og Rósalind sagði það líka. Þegar þær voru spurðar hvort eitthvað hefði breyst sögðu þær að núna mættu þær alltaf í leikskólann. Regnboga-Birta bætti við: „Kennararnir mæta alltaf, það er svolítið seint þegar það var kórónuveiran en nú mæta þeir á réttum tíma.“ Stelpurnar þrjár voru allar sammála um að þeim hefði liðið illa þegar kórónuveiran var og þær ræddu þetta áfram við rannsakanda:

Regnboga-Birta: Því þá var ég svolítið hrædd því mér finnst kórónuveiran eitthvað svo hræðileg.

R: Já.

Emma Dís: Mér fannst eins og að það væri bara einhver skessa ... að drepa ... því hún getur drepitð einhvern.

R: Að hún væri ... að hún væri eins og skessa?

Emma Dís [Kinkar kalli].

R: Uhum.

Regnboga-Birta: Mér finnst ... ég hugsa eiginlega eitthvað svona mikið um kórónuveiruna.

Samtalið við stelpurnar hélt áfram og rannsakandi sagði: „En nú eruð þið búnar að segja mér svolítið hvernig ykkur fannst í leikskólanum þegar kórónuveiran var ...“ Þá sagði Emma Dís: „Sem er enn þá“ og benti á að veiran væri ekki farin. Rannsakandi spurði þá: „En hvernig líður ykkur núna?“ Emma Dís svaraði: „Illa ... af því hún er enn þá.“ Regnboga-Birta bætti við: „Mér líður svolítið skringilega en eiginlega líður mér bara vel því ég gleymi alltaf kórónuveirunni.“ Rósalind tók undir með Regnboga-Birtu og sagði: „Þegar ég hugsa um kórónuveiruna reyni ég bara að gleyma henni.“ Rannsakandi spurði þá um hvað hún hugsaði í staðinn og þá sagði Regnboga-Birta: „Bara um eitthvað fallett örugglega.“

Í samtali við Erik kom fram að honum hefði ekki þótt skemmtilegt þegar kórónuveiran var og sagði: „Þá fórum við ekkert út ... fengum ekki að velja neitt eða lita eða perla ... eða fara út að leika.“ Hann bætti svo við: „Enginn gerði neitt skemmtilegt ... við fengum ekki að lesa.“ Þegar hann var spurður hvernig honum liði núna sagði hann: „Vel ... af því að núna erum við að gera allt skemmtilegt.“ Elísabetu fannst gaman að þurfa ekki að fara í leikskólann þegar kórónuveiran var. Hún sagði: „Ég mátti vera heima og heima hjá ömmu minni ... það var skemmtilegt.“ Hún talaði um að sér liði ekki vel í leikskólanum núna þegar allir væru komnir aftur. Þegar rannsakandi spurði: „Hvernig finnst ykkur að hafa alla krakkana?“ svaraði hún: „Ekki vel ... ekki vel, þá eru allir að öskra.“

Rannsakandi spurði þær Sólveigu, Rósu og Láru hvort þeim fyndist eitthvað leiðinlegt eða erfitt í leikskólanum. Láru fannst erfiðast að teikna einhyrning og leiðinlegast að fara á klósett. Rósa og Lára töluðu um að þær myndu vel eftir takmörkunum sem hefðu verið í leikskólanum og þær töluðu um að þá hefði þeim fundist leiðinlegast að mega ekki fara í salinn. Þær langaði til þess en sögðu að það mætti ekki út af COVID-19. Lára taldi að veiran væri farin en Rósa sagði: „Ekki alveg ... það er komið aftur.“ Lára bætti þá við „Kórónuveiran er bráðum að fara, mamma sagði það.“

## Umræða

Hér hefur verið greint frá rannsókn með börnum um upplifun þeirra af þeim takmörkunum sem settar voru á tímum heimsfaraldurs COVID-19. Niðurstöðurnar eiga einungis við um börnin sem tóku þátt, í þeim aðstæðum sem þau voru hluti af og á þeim tíma sem rannsóknin fór fram en mikilvægt er að draga lærdóm af sjónarmiðum þeirra. Fram kom að börnin höfðu mismunandi sýn á aðstæður sínar og vellíðan í leikskólanum meðan á þessu stóð. Á tímum COVID-19 mátti ekki fara á milli sóttvarnahólfa, því voru svæði utan deildarinnar ekki í notkun og útveran takmörkuð. Því þótti áhugavert að heyra að börnin skyldu oftast nefna svæði utan deildarinnar þegar þau töluðu um hvað þeim þótti skemmtilegast að gera í leikskólanum, t.d. að fara í salinn, að mála í listasmiðjunni, í heimsókn á árar deildir og út að leika. Auk þess var takmarkað aðgengi að leikefni og leiksvæðum og greinilegur söknuður hjá börnunum varðandi það. Velta má því upp hvort í slíkum aðstæðum hefði verið erfitt að fylgja eftir áherslum Aðalnámskrár leikskóla um fjölbreytt leikskólustarf (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) þar sem reynt var að mæta styrkleikum hvers barns í takmörkunum sem þessum – þó sérstaklega með tilliti til barna sem njóta sín vel í hreyfingu, til dæmis í sal eða útveru. Á tímum mikilla breytinga er mikilvægt að sýna börnum skilning og fylgja þeim skyldum að hlusta á raddir þeirra (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013) svo að hægt sé að koma til móts við fjölbreyttar þarfir og áhuga barnanna. Þó mikilvægt sé að vernda börn þá hafa þau hæfni til þess að taka þátt í umræðu og hafa áhrif á líf sitt og daglegt starf í leikskóla, séu þau spurð og á þau hlustað.

Börnin sem tóku þátt í þessari rannsókn höfðu flest gert sér hugmynd um hvað kórónuveiran væri, þau sýndu fram á töluverða þekkingu á veirunni og hvaða takmarkanir hún setti þeim. Þetta kom fram bæði í máli þeirra og teikningum. Börn læra af þátttöku sinni í samfélaginu og eru virk í að móta það. Þess vegna er mikilvægt að þau fái tækifæri til þess að deila reynslu sinni og upplifunum svo að nýta megi þær til áhrifa (Rogoff, 2003; Rogoff o.fl., 2014). Börnin upplifðu til dæmis takmarkanir vegna sóttvarna með mismunandi hætti. Einni stúlku fannst gott að fá frí frá leikskólanum og vera heima, eins og Elísabet benti á: „Ég mátti vera heima og heima hjá ömmu minni ... það var skemmtilegt.“ Í nýlegri breskri rannsókn (Pascal o.fl., 2020) kom fram að þetta gæti sérstaklega átt við um börn þar sem fjárhagur og félagsstaða fjölskyldu er góð. Þessu gæti verið þveröfugt farið þegar um fátækar fjölskyldur og viðkvæma hópa er að ræða. Sumum börnum fannst skemmtilegt í leikskólanum, leið vel þegar öll börnin voru saman og fannst því leiðinlegt hversu fá börn voru á staðnum. Nokkur börn töluðu um að betra væri að hafa fá börn í leikskólanum af því að þá væru minni læti. Einnig kom fram í fyrstu niðurstöðum rannsóknar Ingibjargar Óskar Sigurðardóttur og Svövu Bjargar Markar (2020) að leikskólastjórum og leikskólakennurum fannst leikurinn blómstra hjá börnunum þegar þau voru færri í hóp. Þessar niðurstöður gefa til kynna mikilvægi þess að skoða betur aðstæður barna í leikskólum með tilliti til fjölda barna í rýmum en taka þarf tillit til viðhorfa barna og þeirra

félagslegu tengsla sem þau hafa myndað við önnur börn og starfsfólk leikskólans.

Rannsóknir hafa sýnt að vinátta og leikur er eitt það mikilvægasta í augum barna þegar þau eru spurð um þátttöku sína í leikskólastarfi (Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020). Erfiðast var fyrir börnin sem voru þátttakendur í þessari rannsókn að geta ekki verið með vinum sínum. Þetta kom fram þegar Snær talaði um að hann saknaði Ólafs, vinar síns, sem ekki var í sama hópi og hann. Hann upplifði sig því ekki sem fullgildan þátttakanda í barnahópnum (Carr og Lee, 2019; Laevers, 1994) meðan á takmörkunum stóð, eins og hann sagði sjálfur: „En nú er Ólafur heima ... en ég er bara einn með hinum krökkunum, þá verð ég stundum leiður.“ Sum barnanna voru á þeirri skoðun að betra væri að hafa fá börn saman en flest börnin töluðu um að þeim hefði ekki liðið vel þar sem þau fundu fyrir takmörkunum á félagslegum tengslum, leikefni og leiksvæðum. Rannsóknir hafa sýnt að þessir þættir hafi áhrif á vellíðan barna í leikskóla (Sara M. Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016). Því er mikilvægt að taka tillit til vináttu barna þegar skipta þarf þeim í hópa, ef mögulega er hægt að koma því við, svo að þau séu örugg, þeim finnist þau tilheyra barnahópnum og líði vel í daglegu starfi leikskólans.

Áhugavert var að heyra og sjá hversu skynsamlega börnin töluðu um veiruna og faraldurinn í heild sinni. Í umræðu sinni sýndu börnin skilning á hvernig fólk smitast og veikist. Sum þeirra voru uppfull af þekkingu, höfðu lært mikið um takmarkanir, breytta samskiptahætti fólks, útlit og hegðun veirunnar, svo eitthvað sé nefnt. Sú þekking sem kom fram í máli þeirra og teikningum bendir til þess að þau hafi byggt þessa þekkingu upp með virkri þátttöku í samfélagi, bæði í leikskóla og með fjölskyldu sinni (Mayall, 2003; Prout og James, 2015). Líta má á slíka þátttöku barnanna sem óbeint nám þar sem þau sáu og heyrðu það sem fram fór í samfélaginu, lögðu sína merkingu í efnið og tóku þátt í að móta samræður og lausnir í tengslum við faraldurinn. Auk þess notuðu börnin ímyndunaraflið, ræddu um og teiknuðu hvernig þau sáu fyrir sér atburði og tengdu við eigin reynslu.

Fram kom að börnin voru stundum órugg vegna þess að þau voru ekki upplýst um viðveru – eða fjarveru – starfsfólks leikskólans en á sama tíma sýndu þau æðruleysi þegar þau ræddu um aðstæðurnar sem þau bjuggu við í leikskólanum á þessum tíma. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að börn séu upplýst, geti haft áhrif og treyst leikskólakennurum og starfsfólki leikskóla. Áhrifamáttur barna þarf að geta stuðlað að öryggi þeirra og vellíðan í leikskólasamfélaginu (Byrne og Lundy, 2019; Lansdown, 2005; Moore og McArthur, 2017; Steckermeier, 2019). Niðurstöður þessarar rannsóknar undirstrika mikilvægi þess að tekið sé mið af sjónarmiðum barna og hlustað sé á fjölbreytta tjáningu þeirra til þess að öðlast skilning á því sem er þeim mikilvægt. Jafnframt styður þetta við styrkleika þeirrar rannsóknaraðferðar sem beitt var í þessari rannsókn svo að unnt sé að lesa í tjáningu barnanna og nýta upplýsingarnar til að fá innsýn í skilning þeirra og viðhorf.

## Lokaorð

Samfélög um heim allan hafa tekist á við COVID-19-faraldurinn á mismunandi vegu. Í sumum löndum var leikskólum lokað svo að börn voru í umsjá fjölskyldna sinna en í ljós hefur komið að aðstæður fjölskyldna eru afar ólíkar og geta þeirra til að takast á við aðstæður sömuleiðis. Á Íslandi var tekin sú ákvörðun í fyrstu bylgju faraldursins að halda leikskólum opnum en með ákveðnum takmörkunum. Ef horft er til tímans sem liðinn er frá því að þessi rannsókn var unnin í fyrstu bylgjunni er áhugavert að skoða ákvarðanatöku stjórnvalda í seinni bylgjunum. Ákveðið var að hafa engar takmarkanir á fjölda barna í leikskólum þrátt fyrir hertar aðgerðir og fjöldatakmarkanir á öllu landinu. Eins og rannsóknir hafa sýnt þá smitast börn síður en fullorðnir af kórónuveirunni, veikjast minna og þar af leiðandi smita þau síður aðra (Lee og Raszka, 2020). Sú vitneskja er mikilvæg og hefur haft áhrif á ákvarðanatöku stjórnvalda um fyrirkomulag skólahalds. Jafnframt má ekki gleyma að í skólaumhverfinu eru ekki einungis börn, þar eru einnig foreldrar þeirra, kennarar og annað starfsfólk. Af þessum sökum hefur verið flókið að halda leikskólastarfinu gangandi með sem eðlilegust hætti þar sem meiri hætta er á smiti hjá fullorðnum og þeir í meiri hættu á að veikjast alvarlega. Kennarar voru í framlínunni og ekki má gleyma stöðu þeirra í faraldurinum þar sem þeir

voru í erfiðum aðstæðum, undir miklu álagi og þurftu að bregðast hratt við. Þakka má yfirvöldum og sérstaklega leik- og grunnskólakennurum fyrir hversu hratt var brugðist við og lausnir fundnar svo börn gætu sótt leikskóla sinn, allavega í einhverjum mæli. Allir unnu eftir bestu getu í fordæmalausum aðstæðum en mikilvægt er – þegar svona staða kemur upp – að börnin séu fengin með í umræðuna og taki þátt í ákvörðunum er varða þau.

### **Children's perspectives in times of COVID-19 towards the impact on their participation in preschool**

We are living in an unparalleled time of a pandemic that has affected communities all over the world, and the school system has not been spared. Different measures have been implemented, and in some countries, preschools and primary schools were closed to reduce the spread of the disease and protect the health care system. The closing of schools has affected the education of 80% of children in the world. In Iceland, the Ministry of Health decided not to close the schools. Instead, restrictions on their operations were imposed. This decision was made because children seemed to be less affected by the virus than did adults. It was considered important to keep the schools open so that children could have access to education and care and maintain their daily routines. The restrictions recommended were for schools to reduce the number of children in groups and to separate groups over a period to lower the risk of infection. In preschools, the groups were separated by allocating days for each group to come to the preschool. Consequently, children were not able to attend the preschool every day. However, exceptions were made for children in vulnerable groups and those whose parents were front-line workers.

The aim of this study is to explore how the children experienced changes made in the preschool during the first wave of the pandemic. The purpose is to learn from the children and use the knowledge created to support children and the planning of the preschool environment in unprecedented times. The research builds on the idea that children are competent persons who construct their knowledge in collaboration with other children and adults. They have the right to be active participants in society and influence their daily lives.

The research was conducted in one preschool in Iceland. Daily, 120 children attend the preschool in six classes. During the restrictions, only half of the children could attend the school. Twenty-three children, aged three to six years, participated in the study. The children took part in group interviews during the period of restrictions and two months later when the restrictions had been reduced. The children were invited to draw during the conversation with the researcher. The discussion was about COVID-19 and how it affected daily practice in the preschool. The conversations with the children were audio-recorded, transcribed, and used for further analysis. Thematic analysis was applied to find key issues and develop themes, searching for an answer to the research question which was: How do the children experience the COVID-19 pandemic and its impact on their participation in daily practice in the preschool?

The main findings of the study appearing in the data, the interviews, and children's drawings revealed the children as having considerable knowledge about the pandemic and its effects on society as well as in daily life in homes and the preschool. Most of the children experienced limitations in their preschool days, such as in their social relations, access to play materials, and the available play areas. The children's views towards the restrictions were diverse. Some children thought it was good to have fewer children in the preschool, as there was less noise than before. Other children expressed a feeling of loneliness within the group of children because of the absence of friends. These children did not want to play, or as Snær put it: "But now Ólafur is at home...and I am just alone

with the other children, which sometimes makes me sad.” What seemed to be the most difficult aspect for the children during the pandemic was not being able to play with their friends. The children’s discussion seemed to focus more on the negative effect of the restrictions than the positive. All the children agreed on the COVID-19 time as being boring and one of the participating girls expressed the wish that COVID-19 would vanish. The findings of the study underline the importance of preschool teachers gaining insight into children’s views, seeing what is important for children, and supporting and including their perspectives when making plans for the preschool.

According to the Icelandic National Curriculum Guide (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011), children should be provided with varied environments where they are able to use their strengths and construct a positive self-image. The findings of this study indicate that in the preschool practice, the points of emphasis in the school curricula could not be fully followed during COVID-19. During the restrictions, the children were mainly located in their classroom and could not always play with friends. Access to play materials was limited as were areas for play and other activities. The results underline the importance of considering children’s perspectives and listening to their multiple ways of expressing themselves to be able to support their needs and well-being in the daily preschool practice, both in times of restrictions and all other days.

**Keywords:** Children’s perspectives, children’s agency, preschool, preschool practice, COVID-19

## Um höfunda

Sara M. Ólafsdóttir (saraola@hi.is) er lektor í leikskólafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sara lauk doktorsprófi í menntunarfræði við Háskóla Íslands árið 2019. Megináherslur í rannsóknum hennar hafa verið sjónarmið barna gagnvart hinum ýmsu viðfangsefnum, s.s. leik, þáttaskilum milli leik og grunnskóla, vellíðan barna og fullgildi.

Kristín Karlsdóttir (krika@hi.is) er dósent í menntunarfræði ungra barna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Í kennslu og rannsóknum hefur hún m.a. fengist við þátttöku barna í leik og námi, áhrifamátt barna, lýðræði í leikskólum og skráningu námssagna sem matsaðferð í leikskólastarfi.

Díana Lind Sigurjónsdóttir (dlg3@hi.is) er meistaranemi í leikskólakennarafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Kjörsvið hennar er nám og kennsla í skóla án aðgreiningar í fjölmenningsarsamfélagi. Díana lauk B.Ed.-gráðu í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands árið 2017. Lokaverkefni hennar var skapandi hópverkefni sem fjallaði um virðingu fyrir kennarastarfinu. Díana starfar sem sérkennari í leikskóla.

## About the authors

Sara Margrét Ólafsdóttir (saraola@hi.is) is an assistant professor at the School of Education, University of Iceland. Sara completed her doctoral study in education in 2019. Her work has emphasised research with children. The topics she has explored with children are, among others: children’s play, well-being, belonging and transition from preschool to primary school.

Kristín Karlsdóttir (krika@hi.is) is an associate professor in early education at the School of Education, University of Iceland. Her teaching and research deals with children’s participation in play and learning, children’s agency, democracy in preschools and the documentation of Learning Stories as an assessment method.

Díana Lind Sigurjónsdóttir (dlg3@hi.is) is a master's student in preschool teacher education at the School of Education, University of Iceland. Her field of study is inclusive education and teaching in a multicultural society. Díana completed her B.Ed. degree in preschool teacher education in 2017. Her final project was a creative group project that dealt with respect for the teaching profession. Díana works as a special teacher in a preschool.+

## Heimildir

- Alderson, P. (2008). *Young children's rights: Exploring beliefs, principles and practice* (2. Útgáfa). London: Jessica Kingsley Publishers.
- Auglýsing um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar nr. 216/2020.
- Bae, B. (2009). Children's right to participate: Challenges in everyday interactions. *European Early Childhood Education Research Journal*, 17(3), 391–406.
- Bernstein, B. (2000). *Pedagogy, symbolic control and identity: Theory, research, critique* (2. útgáfa). London: Rowman and Littlefield Publishers.
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. London: Sage.
- Byrne, B. og Lundy, L. (2019). Children's rights-based childhood policy: A six-P framework. *The International Journal of Human Rights*, 23(3), 357–373. <https://doi.org/10.1080/13642987.2018.1558977>
- Carr, M. og Lee, W. (2019). *Learning stories in practice*. Los Angeles: Sage.
- Dockett, S., Einarsdóttir, J. og Perry, B. (2012). Young children's decisions about research participation: Opting out. *International Journal of Early Years Education*, 20(3), 244–256. doi:10.1080/09669760.2012.715405
- Groundwater-Smith, S., Dockett, S. og Bottrell, D. (2015). *Participatory research with children and young people*. London: Sage.
- Guðrún Kristinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir. (2015). Hliðvörður – hvert er hlutverk þitt? Þátttaka barna í rannsóknnum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/002.pdf>
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Svava Björg Mörk. (2020). *Leikur barna blómstraði á tímum takmarkana á skólahaldi*. Sótt af <https://bakhjarl.menntamidja.is/2020/09/17/leikur-barna-blomstradi-a-timum-takmarkana-a-skolahaldi/?fbclid=IwAR3BLN00okXfOFAHGt6-2bIepXLyQW8bymkPiDwTL5xY2623uPfhQ4gRUmg>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2012). *Raddir barna í rannsóknnum*. Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir, Dockett, S. og Perry, B. (2009). Making meaning: Children's perspectives expressed through drawings. *Early Child Development and Care*, 179(2), 217–232. doi: 10.1080/03004430802666999
- Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2020). Fullgildi í leikskóla: Sjóarmið barna og starfsfólks. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 29(2), 113–131. doi:10.24270/tuuom.2020.29.6
- Karlsson Lohmander, M. og Pramling Samuelsson, I. (2015). Play and learning in early childhood education in Sweden. *Psychology in Russia: State of the Art*, 8(2), 18–26. doi:10.11621/pir.2015.0202
- Laevers, F. (1994). The innovative project: Experimental education and the definition of quality in education. Í F. Laevers (ritstjóri), *Defining and assessing quality in early childhood education* (bls. 159–172). Leuven, Belgíu: Leuven University Press.
- Lancker, W. V. og Parolin, Z. (2020). COVID-19, school closures, and child poverty: A social crisis in the making. *The Lancet Public Health*, 5(5), 243–244. doi:10.1016/S2468-2667(20)30084-0
- Lansdown, G. (2005). *Can you hear me? The right of young children to participate in decisions affecting them. Working papers in early childhood development no. 36*. Haag, Hollandi: Bernard van Leer Foundation.



- Lee, B. og Raszka, W. V. (2020). COVID-19 transmission and children: The child is not to blame. *Pediatrics*, 146(2), e2020004879. doi:10.1542/peds.2020-004879
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- MacNaughton, G., Rolfe, S. og Siraj-Blatchford, I. (2010). *Doing early childhood research: International perspectives on theory and practice* (2. útgáfa). London: Open University Press.
- Mayall, B. (2003). *Sociologies of childhood and educational thinking*. London: Institute of Education.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámsskrá leikskóla 2011*. Reykjavík: Höfundur.
- Moore, T. og McArthur, M. (2017). 'You feel it in your body': How Australian children and young people think about and experience feeling and being safe. *Children and Society*, 31(3), 206–218. doi:10.1111/chso.12183
- Pascal, C., Bertram, T., Cullinane, C. og Holt-White, E. (2020). *COVID-19 and social mobility. Impact Brief # 4: Early Years*. Sótt af <https://www.suttontrust.com/wp-content/uploads/2020/06/Early-Years-Impact-Brief.pdf>
- Prout, A. og James, A. (2015). A new paradigm for the sociology of childhood? Provenance, promise and problems. Í A. James og A. Prout (ritstjórar), *Constructing and reconstructing childhood: Contemporary issues in the sociological study of childhood* (bls. 6–28). London: Routledge.
- Rogoff, B. (2003). *The cultural nature of human development*. Oxford: OUP.
- Rogoff, B., Moore, L. C., Correa-Chávez, M. og Dexter, M. (2014). Children develop cultural repertoires through engaging in everyday routines and practices. Í J. E. Grusec og P. D. Hastings (ritstjórar), *Handbook of socialization* (bls. 472–484). New York: Guilford Publications.
- Sara M. Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2016). Velliðan barna í leikskólastarfi; Samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lífum: Námsvið leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 31–56). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Steckermeier, L. C. (2019). Better safe than sorry. Does agency moderate the relevance of safety perceptions for the subjective well-being of young children? *Child Indicators Research*, 12, 29–48. doi:10.1007/s12187-017-9519-y
- Wood, E. (2014). The play-pedagogy interface in contemporary debates. Í L. Brooker, M. Blaise og S. Edwards (ritstjórar), *The Sage handbook of play and learning in early childhood* (bls. 145–156). London: Sage.



Sara M. Ólafsdóttir, Kristín Karlsdóttir og Dána Lind Sigurjónsdóttir. (2020).  
Sýn barna á kórónuveiruna og áhrif hennar á daglegt starf í leikskóla.  
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19  
Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2020/menntakerfi\\_heimili\\_covid19/02.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2020/menntakerfi_heimili_covid19/02.pdf)  
DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.23>